

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/577**

2021/EES/72/06

frá 13. júní 2016

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir  
fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kerfi um hámarks magn og  
tilhögun upplýsingagjafar að því er varðar gagnsæi og aðra útreikninga (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012<sup>(1)</sup>, einkum 9. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er þess krafist að lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) framkvæmi verulegan fjölda útreikninga til að fínstillta gildissvið reglna um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti og viðskiptaskylduna um afleiður sem og til að ákvarða hvort verðbréfafyrirtæki er innmiðlari.
- 2) Til að framkvæma nauðsynlega útreikninga þurfa bæði lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að geta aflað traustra gagna af miklum gæðum fyrir hvern eignaflokk sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 gildir um. Þess vegna er nauðsynlegt að bæta bæði aðgengileika og gæði gagnanna sem tiltæk eru lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(2)</sup> og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 til þess að hægt sé að reikna út flokkun fjármálagerninga, þ.m.t. viðmiðunarmörkin að því er varðar gagnsæi fyrir og eftir viðskipti, og, ef nauðsyn krefur, endurstillingu þeirra viðmiðunarmarkna á upplýstari grundvelli eftir að reglunni hefur verið beitt í tiltekinn tíma.
- 3) Mæla ætti fyrir um ákvæði sem tilgreina með almennum hætti sameiginlega þætti að því er varðar efni og framsetningu gagna sem viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu leggja fram vegna gagnsæis og annarra útreikninga. Þessi ákvæði ættu að hafa hliðsjón af framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 <sup>(3)</sup>, (ESB) 2017/583 <sup>(4)</sup>, (ESB) 2017/567 <sup>(5)</sup>, (ESB) 2017/565 <sup>(6)</sup> og (ESB) 2016/2020 <sup>(7)</sup> sem lýsa aðferðafræðinni og gögnunum sem nauðsynleg eru til að framkvæma viðkomandi útreikninga og tilgreina efni og umfang gagnanna sem nauðsynleg eru til að framkvæma gagnsæisútreikningana. Efni,

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 174. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 387).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 229).

(5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 frá 18. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaihlutun og stöður (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 90).

(6) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 1).

(7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2020 frá 26. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðmið til að ákvarða hvort afleiður sem falla undir stöðustofnunar skylduna ættu að falla undir viðskiptaskylduna (Stjtið. ESB L 313, 19.11.2016, bls. 2).

framsetning og gæði gagnanna sem lögð eru fram að því er varðar viðskiptavettvanga, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ættu þess vegna að vera í samræmi við gildandi aðferðafræði sem er mælt fyrir um í viðkomandi framkvæmdargerðum tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 þegar slíkir útreikningar eru framkvæmdir.

- 4) Að undanskildum mögulegum tilfallandi gagnabeidnum og útreikningum sem skal framkvæma vegna kerfis um hámarksmagn ættu viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar að leggja fram skýrslur daglega. Að teknu tilliti til hins breiða úrvals fjármálagerna og mikils gagnamagns sem vinna þarf úr gerir slík dagleg framlagning lögbærum yfirvöldum kleift að vinna af meiri nákvæmni úr skrá af viðráðanlegri stærð og tryggja skilvirka og tímanlega stjórnun á framlagningu, gæðakönnun og úrvinnslu gagna. Dagleg gagnasöfnun gerir viðskiptavettvöngum, viðurkenndum birtingarþjónustum og þjónustum fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar auðveldara fyrir að uppfylla skylduna um veitingu gagna með því að losa þau undan byrðinni af því að reikna út fjölda viðskiptadaga í þeim tilvikum þegar sú magnbundna seljanleikaviðmiðun á við og af að safna saman gögnum um sama fjármálagerning yfir ólík líftímabil í þeim tilvikum þegar taka þarf tillit til tímans fram að gjalddaga. Að gera þann útreikning miðlægan tryggir einnig samræmda notkun viðmiðanna fyrir alla fjármálagerna og viðskiptavettvanga.
- 5) Viðskiptavettvangar ættu að geyma ítarleg gögn sem gera lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni kleift að framkvæma rétta útreikninga. Tilskildar upplýsingar eru alla jafnan veittar í skýrslugjöf eftir viðskipti en í sumum tilvikum er þörf á meiri upplýsingum fyrir útreikningana en þar er að finna. Þetta á t.d. við um upplýsingar um viðskipti framkvæmd á grundvelli fyrirmæla sem falla undanþágu fyrir umfangsmikil fyrirmæli. Þær upplýsingar ættu ekki að vera meðal tilkynntra upplýsinga um viðskipti þar sem það gæti orsakað að slík viðskipti verði fyrir neikvæðum markaðsáhrifum. Þar sem slíkar upplýsingar gætu þó verið nauðsynlegar til að lögbær yfirvöld geti framkvæmt nákvæma útreikninga ættu viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar að geyma þær á viðeigandi hátt og senda lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni ef nauðsyn krefur. Viðskiptavettvangar ættu að tryggja að þeir dreifi með fullnægjandi hætti upplýsingunum sem veita á lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni. Viðskipti á grundvelli umfangsmikilla fyrirmæla ætti að auðkenna á viðeigandi hátt í skýrslu þeirra til þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar.
- 6) Safna ætti gögnum frá mismunandi heimildum þar sem ekki er víst að ein heimild hafi að geyma öll gögn um tiltekinn eignaflokk eða jafnvel tiltekinn gerning. Þess vegna ætti að heimila lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfa- markaðs- eftirlitsstofnuninni að afla og safna saman gögnum af miklum gæðum frá ýmsum heimildum og ættu viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar að notast við fyrirframskilgreiningar, ef tiltækar eru, er varða efni og framsetningu til að gera gagnasöfnunina auðveldari og kostnaðarhagkvæmari.
- 7) Að teknu tilliti til næmleika nauðsynlegra útreikninga og mögulegra viðskiptalegra afleiðinga af birtingu rangra upplýsinga fyrir viðskiptavettvanga, útgefendur og aðra markaðsaðila sem, ef um er að ræða kerfi um hámarksmagn, gætu leitt til tímabundinnar frestunar á notkun undanþáganna fyrir einn tiltekinn vettvang eða einn tiltekinn fjármálagerning í Sambandinu, er mjög mikilvægt að skýra út framsetningu gagnanna sem leggja skal fram hjá lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni í þeim tilgangi að koma á skilvirkum samskiptaleiðum við viðskiptavettvanga og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar og tryggja tímanlega og rétta birtingu tilskilinna upplýsinga.
- 8) Í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er þess krafist að Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin birti, fyrir fjármálagerna sem kerfi um hámarksmagn gildir um, mælingar á heildarmagni viðskipta næstliðinna 12 mánaða og hundraðshlutfalli viðskipta sem fara fram með undanþágum bæði frá umsömdum viðskiptum og viðmiðunarverði innan Sambandsins og á hverjum viðskiptavettvangi á næstliðnum 12 mánuðum. Ef viðskipti eru með fjármálagerna í fleiri en einum gjaldmiðli er nauðsynlegt að umreikna viðskiptamagnið í ólíkum gjaldmiðlum yfir í einn sameiginlegan gjaldmiðil til að hægt sé að reikna út magnið og gera tilskilda útreikninga. Þess vegna ætti að mæla fyrir um þá aðferðafræði og gengi sem nota skal til að umreikna viðskiptamagnið, ef nauðsyn krefur.
- 9) Að því er varðar kerfi um hámarksmagn ættu viðskiptavettvangar að þurfa að tilgreina magn viðskipta með undanþágu frá viðmiðunarverðinu og, fyrir auðseljanlega gerninga, undanþágu frá umsömdum viðskiptunum. Að því gefnu að undanþágurnar gildi um fyrirmæli en ekki um viðskipti er mikilvægt að útskýra að magnið sem tilkynna á ætti að ná yfir öll viðskipti sem flögguð eru „RFPT“ eða „NLIQ“ að því er varðar birtingu upplýsinga eftir viðskipti og eins og tilgreint er í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587. Ef viðskipti áttu sér stað á grundvelli tvennra fyrirmæla sem fengu undanþágu vegna umfangsmikilla fyrirmæla ættu þessi viðskipti ekki að reiknast með magninu sem reiknað er út samkvæmt undanþágu frá viðmiðunarverðinu og undanþágu frá umsömdum viðskiptunum.
- 10) Að því er varðar kerfi um hámarksmagn ættu viðskiptavettvangar og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar að tryggja að viðskiptavettvangurinn þar sem viðskiptin fara fram sé auðkenndur af nægjanlegri nákvæmni til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni kleift að framkvæma alla útreikningana sem um getur í reglugerð

(ESB) nr. 600/2014. Einkum ætti auðkennið sem notað er fyrir viðskiptavettvanginn að vera einkvæmt fyrir þann viðskiptavettvang og ekki að vera notað til að auðkenna annan viðskiptavettvang sem starfræktur er af sama markaðsaðila. Auðkenni viðskiptavettvangs ætti að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að greina með ótvíræðum hætti á milli allra viðskiptavettvanga sem markaðsaðilinn hefur fengið sérstakt starfsleyfi fyrir samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB.

- 11) Að því er varðar kerfi um hámarks magn er nauðsynlegt að krefjast þess að viðskiptavettvangar leggi fram fyrstu skýrslu á gildistökudegi tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 þar sem tilgreint er magn viðskipta með undanþágu frá viðmiðunarverðinu og, fyrir auðseljanlega fjármálagerninga, með undanþágu frá umsömdum viðskiptum fyrir næstliðið almanaksár. Til að tryggja hlutfallslega beitingu þessarar kröfu ættu viðskiptavettvangar, í þessum tilgangi, að byggja skýrslu sína á aðlöguðu magni viðskipta með jafngildum undanþágum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB <sup>(1)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 <sup>(2)</sup>.
- 12) Til að veita lögbærur yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni rétt gögn ættu viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar að tryggja að skýrslur þeirra innihaldi eingöngu viðskipti reiknuð úr frá annarri hlið þeirra (e. *single-counted transactions*).
- 13) Ákvæðin í þessari reglugerð eru nátengd þar sem þau fjalla um að tilgreina efni gagnabeiðna, tíðni þeirra og framsetningu, aðferðina sem nota á við úrvinnslu þessara gagna og aðrar skilgreiningar sem varða birtingu upplýsinga í tengslum við gagnsæi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 600/2014. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða, sem taka munu gildi á sama tíma og til að hagsmunaaðilar, einkum þeir sem bundnir eru skyldunum, hafi betri yfirsýn er æskilegt að þau séu felld inn í eina reglugerð.
- 14) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðarins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 15) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 16) Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010<sup>(3)</sup>.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er tilgreint efni gagnabeiðna sem lögbær yfirvöld skulu senda og efni svara við slíkum beiðnum sem viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur (e. *approved publication arrangements (APA)*) og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (e. *consolidated tape providers (CTP)*) skulu senda, til útreiknings og afstillingar á viðmiðum reglna um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti og um viðskiptaskyldu og, sér í lagi, í þeim tilgangi að ákvarða eftirfarandi þætti:

- a) hvort virkur markaður er með hlutabréfagerninga, fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum og aðra fjármálagerninga en hlutabréfagerninga,
- b) viðmiðunarmörk um undanþágur frá gagnsæi áður en viðskipti fara fram fyrir hlutabréfagerninga, fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum og aðra fjármálagerninga en hlutabréfagerninga,

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjútíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur verðbréfafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, skráningu fjármálagerninga á markað og skilgreind hugtök í skilningi þeirrar tilskipunar (Stjútíð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- c) viðmiðunarmörk um frestun á gagnsæiskröfum eftir viðskipti fyrir hlutabréfagerninga, fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum og aðra fjármálagerninga en hlutabréfagerninga,
- d) hvenær seljanleiki flokks fjármálagerninga fer niður fyrir tiltekin viðmiðunarmörk,
- e) hvort verðbréfafyrirtæki er innmiðlari,
- f) staðlaða markaðsstærð sem gildir um innmiðlara sem stunda viðskipti með hlutabréfagerninga og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum, og þá stærð sem á sérstaklega við um gerninginn og gildir um innmiðlara sem stunda viðskipti með aðra fjármálagerninga en hlutabréfagerninga,
- g) fyrir hlutabréfagerninga og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum, heildarmagn viðskipta næstliðinna 12 mánaða og hundraðshlutföll viðskipta sem fara fram með undanþágum frá bæði umsömdum viðskiptum og viðmiðunarverði innan Sambandsins og á hverjum viðskiptavettvangi á næstliðnum 12 mánuðum,
- h) hvort afleiður eru nægjanlega seljanlegar til að framfylgja viðskiptaskyldunni um afleiður.

2. gr.

### Efni gagnabeiðna og upplýsinga sem skal tilkynna

1. Til framkvæmdar útreikninga sem fara fram á fyrirframákveðnum dagsetningum eða með fyrirframskilgreindri tíðni skulu viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar veita lögbærum yfirvöldum sínum öll gögn sem þarf til að framkvæma þá útreikninga sem tilgreindir eru í eftirfarandi reglugerðum:

- a) framseldri reglugerð (ESB) 2017/587,
- b) framseldri reglugerð (ESB) 2017/583,
- c) framseldri reglugerð (ESB) 2017/567,
- d) framseldri reglugerð (ESB) 2017/565.

2. Ef nauðsyn ber til geta lögbær yfirvöld krafist viðbótarupplýsinga í þeim tilgangi að fylgjast með og stilla af þau viðmiðunarmörk og breytur sem um getur í a- til f-lið 1. gr. frá viðskiptavettvöngum, viðurkenndum birtingarþjónustum og þjónustum fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar.

3. Lögbær yfirvöld geta krafist allra gagna sem Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ber að taka tillit til í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2016/2020 vegna annarra fjármálagerninga en hlutabréfagerninga, þ.m.t. gagna um eftirfarandi:

- a) meðaltíðni viðskipta,
- b) meðalstærð og dreifingu viðskipta,
- c) fjölda og tegundir markaðsaðila,
- d) meðalverðbil.

3. gr.

### Tíðni gagnabeiðna og svarfrestur viðskiptavettvanga, viðurkenndra birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar

1. Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu daglega leggja fram þau gögn sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

2. Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu leggja fram gögn að fenginni tilfallandi beiðni eins og um getur í 2. mgr. 2. gr. innan fjögurra vikna frá móttöku beiðninnar, nema sérstakar aðstæður krefjast svars innan skemmri frests samkvæmt því sem tilgreint er í beiðninni.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu viðskiptavettvangar og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar leggja fram gögn til notkunar vegna kerfis um hámarks magn eins og kveðið er á um í 6. til 9. mgr. 6. gr.

## 4. gr.

**Framsetning gagnabeidna**

Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu leggja fram þau gögn sem um getur í 2. gr. á sameiginlegu XML-sniði og, ef tiltækt er, í samræmi við önnur fyrirmæli um efni og framsetningu sem auðveldar skilvirkt og sjálfvirkt ferli gagnaafhengingar sem og sameiningu slíkra gagna við svipuð gögn annars staðar frá.

## 5. gr.

**Tegund gagna sem skal geyma og lágmarkstími sem viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu geyma gögn**

1. Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu geyma öll gögn sem þarf til að reikna út, fylgjast með eða stilla af þau viðmiðunarmörk og breytur sem um getur í 2. gr. án tillits til þess hvort þær upplýsingar hafa verið gerðar opinberar eða ekki.
2. Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu geyma gögnin sem um getur í 1. mgr. í a.m.k. þrjú ár.

## 6. gr.

**Kröfur til viðskiptavettvanga og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar um upplýsingagjöf vegna kerfis um hámarks magn**

1. Fyrir hvern fjármálagerning sem fellur undir gagnsæiskröfur 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu viðskiptavettvangar veita lögbæra yfirvaldinu eftirfarandi upplýsingar:
  - a) heildarmagn viðskipta með fjármálagerninginn sem framkvæmd eru á viðkomandi viðskiptavettvangi,
  - b) heildarmagn viðskipta með fjármálagerninginn sem framkvæmd eru á viðkomandi viðskiptavettvangi og falla undir undanþágurnar í a-lið 1. mgr. 4. gr. eða i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eftir því sem við á, þannig að heildarmagnið sé tilgreint með aðskildum hætti fyrir hverja undanþágu.
2. Fyrir hvern fjármálagerning sem fellur undir gagnsæiskröfur 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, og ef lögbæra yfirvaldið fer þess á leit, skal þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar veita lögbæra yfirvaldinu eftirfarandi upplýsingar:
  - a) heildarmagn viðskipta með fjármálagerninginn sem framkvæmd eru á öllum viðskiptavettvöngum innan Sambandsins þannig að heildarmagnið sé tilgreint með aðskildum hætti fyrir hvern viðskiptavettvang,
  - b) heildarmagn viðskipta sem framkvæmd eru á öllum viðskiptavettvöngum innan Sambandsins og falla undir undanþágurnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. eða i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eftir því sem við á, þannig að heildarmagnið sé tilgreint með aðskildum hætti fyrir hverja undanþágu og fyrir hvern viðskiptavettvang.
3. Viðskiptavettvangar og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu veita lögbæra yfirvaldinu þau gögn sem um getur í 1. og 2. mgr. á því sniði sem tilgreint er í viðaukanum. Þau skulu einkum tryggja að auðkenni viðskiptavettvanga sem þau gefa upp séu nægjanlega nákvæm til að gera lögbæra yfirvaldinu og Evrópsku verðbrefamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að greina úr magni viðskipta sem framkvæmd eru með undanþágu frá viðmiðunarverðinu og, sé um að ræða auðseljanlega fjármálagerninga, með undanþágu frá umsömdum viðskiptum á hverjum viðskiptavettvangi og gera kleift að reikna út hlutfallið sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
4. Að því er varðar útreikning magns sem um getur í 1. og 2. mgr.:
  - a) skal ákvarða magn einstakra viðskipta með því að margfalda verð fjármálagerningsins með fjölda eininga sem viðskipti voru með,
  - b) skal ákvarða heildarmagn viðskipta með hvern fjármálagerning sem um getur í a-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr. með því að taka saman magn allra einstakra viðskipta og viðskipta sem eru reiknuð út frá annarri hlið þeirra (e. *single-counted transactions*) fyrir þann fjármálagerning,
  - c) skal ákvarða viðskiptamagnið sem um getur í b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. með því að taka saman magn einstakra viðskipta og viðskipta sem eru reiknuð út frá annarri hlið þeirra, fyrir þann fjármálagerning sem eru tilkynnt undir flögguninni „viðmiðunarverð“ og flögguninni „umsamin viðskipti með auðseljanlega fjármálagerninga“ í samræmi við töflu 4 í I. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/587.

5. Viðskiptavettvangar og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu eingöngu leggja saman viðskipti sem eru framkvæmd í sama gjaldmiðli og skulu tilgreina með aðskildum hætti hvert samanlagt magn í gjaldmiðlinum sem notaður er í viðskiptunum.
6. Viðskiptavettvangar skulu leggja fram þau gögn sem um getur í 1. til 5. mgr. hjá lögbæra yfirvaldinu á fyrsta og sextánda degi hvers almanaksmánaðar eigi síðar en kl. 13:00 á Mið-Evróputíma (CET). Sé fyrsti eða sextándi dagur almanaksmánaðarins ekki virkur dagur hjá viðskiptavettvanginum skal hann afhenda lögbæra yfirvaldinu gögnin næsta virka dag eigi síðar en kl. 13:00 á Mið-Evróputíma.
7. Viðskiptavettvangar skulu veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um heildarmagn viðskipta sem ákvarðað er í samræmi við 1. til 5. mgr. um eftirfarandi tímabil:
  - a) fyrir skýrslur sem leggja skal fram á sextánda degi hvers almanaksmánaðar er framkvæmdartímabilið frá fyrsta til fimmtánda dags sama almanaksmánaðar,
  - b) fyrir skýrslur sem leggja skal fram á fyrsta degi hvers almanaksmánaðar er framkvæmdartímabilið frá sextánda til síðasta dags almanaksmánaðarins á undan.
8. Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. mgr. skulu viðskiptavettvangar leggja fram fyrstu skýrslu um hvern fjármálagerning á gildistökuþingi tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 eigi síðar en kl. 13:00 á Mið-Evróputíma og tilgreina viðskiptamagnið sem um getur í 1. mgr. á næstliðnu almanaksári. Í þessu skyni skulu viðskiptavettvangar tilgreina eftirfarandi á aðskilinn hátt fyrir hvern almanaks mánuð:
  - a) viðskiptamagn á tímabilinu frá fyrsta degi til fimmtánda dags hvers almanaksmánaðar,
  - b) viðskiptamagn á tímabilinu frá sextánda degi til síðasta dags hvers almanaksmánaðar.
9. Viðskiptavettvangar og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu bregðast við öllum tilfallandi beiðnum lögbærra yfirvalda um upplýsingar um viðskiptamagn í tengslum við útreikning sem gera þarf til að fylgjast með notkun undanþága frá viðmiðunarverði eða frá umsömdum viðskiptum eigi síðar en í dagslok á næsta virka degi eftir beiðnina.

7. gr.

#### **Kröfur um upplýsingagjöf lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna kerfis um hámarksmagn og vegna viðskiptaskyldu um afleiður**

1. Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þau gögn sem berast frá viðskiptavettvangi eða þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar í samræmi við 6. gr. eigi síðar en kl. 13:00 á Mið-Evróputíma á næsta virka degi eftir móttöku þeirra.
2. Lögbær yfirvöld skulu afhenda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þau gögn sem berast frá viðskiptavettvangi, viðurkenndri birtingarþjónustu eða þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar í þeim tilgangi að ákvarða hvort afleiður séu nægilega seljanlegar eins og um getur í h-lið 1. gr., án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en þremur virkum dögum eftir móttöku viðkomandi gagna.

8. gr.

#### **Kröfur til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna kerfis um hámarksmagn**

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta mælingarnar á heildarmagni viðskipta fyrir hvern fjármálagerning á næstliðnum 12 mánuðum og á hundradshlutfalli viðskipta með undanþágum frá bæði umsömdum viðskiptum og viðmiðunarverði innan Sambandsins og á hverjum viðskiptavettvangi á næstliðnum 12 mánuðum, í samræmi við 4., 5. og 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, eigi síðar en kl. 22:00 á Mið-Evróputíma á fimmta virka degi eftir lok skýrsluskilátímabilanna sem um getur í 6. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar.
2. Birtingin sem um getur í 1. mgr. skal vera án endurgjalds og á sniði sem er tölvulesanlegt og læsilegt mönnum eins og skilgreint er í 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 <sup>(1)</sup> og í 4. og 5. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/567.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 126).

3. Ef viðskipti eru með fjármálagerning í fleiri en einum gjaldmiðli innan Sambandsins skal Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin umreikna allt magn í evrur á meðalgengi sem reiknað er út á grundvelli daglegs viðmiðunargengis evru sem Seðlabanki Evrópu birti á vefsetri sínu á næstliðnum 12 mánuðum. Þetta umreiknaða magn skal notað til útreiknings og birtingar á heildarmagni viðskipta og á hundraðshlutfalli viðskipta með undanþágum frá bæði umsömdum viðskiptum og viðmiðunarverði innan Sambandsins og á hverjum viðskiptavettvangi eins og um getur í 1. mgr.

*9. gr.*

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## Tafla 1

## Táknatafla fyrir töflu 2

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{ALPHANUM-n}	Upp að n-alstöfum	Frjáls textareitur.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir þar af geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi: — táknið sem skilur á milli heiltöhlutans og aukastafa er „“ (punktur), — talan getur verið með „-“ (minus) fyrir framan til að gefa til kynna neikvæðar tölur. Eftir atvikum skulu gildi námunduð og ekki stýfð.
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	3 bókstafa gjaldmiðilskóði, samkvæmt ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar ættu að vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383

## Tafla 2

## Framsetning skýrslu vegna kerfis um hámarks magn

Heiti gagnareits	Snið
Tímabil sem skýrsla tekur til	{DATEFORMAT}/{DATEFORMAT} þar sem fyrri dagsetningin er upphaf skýrslutímabilsins og síðari dagsetningin er lok skýrslutímabilsins.
Tilgreining skýrslugefandi aðila	Þegar skýrslugefandi aðili er viðskiptavettvangur: {MIC} (markaðsauðkenniskóði markaðshluta (e. <i>segment MIC</i> ) eða, eftir atvikum, markaðsauðkenniskóði rekstraraðila (e. <i>operational MIC</i> )) eða {ALPHANUM-50} ef skýrslugefandi aðili er þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar.
Auðkenni viðskiptavettvangs	{MIC} (markaðsauðkenniskóði markaðshluta, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila)
Auðkenniskóði gernings	{ISIN}
Gjaldmiðill viðskipta	{CURRENCYCODE_3}
Heildarmagn viðskipta (í hverjum gjaldmiðli)	{DECIMAL-18/5}



Heiti gagnareits	Snið
Heildarmagn viðskipta með undanþágu frá viðmiðunarverði samkvæmt skilgreiningu í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFIR) (í hverjum gjaldmiðli)	{DECIMAL-18/5}
Heildarmagn viðskipta samkvæmt undanþágu frá umsömdum viðskiptum samkvæmt skilgreiningu í i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFIR) (í hverjum gjaldmiðli)	{DECIMAL-18/5}